

Fundargerð lokafundar
Stýrihóps um innleiðingu ISPS – kóða á Íslandi.

11. fundur, 28. janúar 2004 haldinn í samgönguráðuneyti, kl. 15.00 - 17.30

Mætt: Thomas Möller formaður, Hörður Blöndal, Jón Þorvaldsson, Már Sveinbjörnsson, Gísli Viggósson, Ari Guðmundsson, Dagmar Sigurðardóttir, Ólafur Briem, Helga Jónsdóttir, Sigurður Skúli Bergsson, Sigurbergur Björnsson og Unnur Sverrisdóttir.

Formaður setti fundinn.

Hann rifjaði upp vinnu stýrihópsins og þakkaði öllum gott og ánægjulegt samstarf þessa mánuði sem hópurinn hefur verið að störfum.

Hann upplýsti fundarmenn um að frumvarp til laga um siglingavernd hefði verið lagt fyrir ríkisstjórn þennan sama morgun og væri þar með komið úr höndum hópsins og til meðferðar Alþingis.

Farið var yfir áfangaskýrsluna og komu fram nokkrar athugasemdir. Sigurbergi Björnssyni falið að bæta þeim athugasemdum sem fundurinn samþykkti í lokaskýrsluna.

Að lokum var skrifað undir skilabréf til ráðherra.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Unnur Sverrisdóttir ritaði fundargerð.